

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Alþingi

Erindi nr. P 136/660

komudagur 9.1.2009

Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

8. janúar 2009

Umsögn ReykjavíkurAkademiunnar (RA) um frumvarp til laga um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn Þskj 154 – 139. Mál.

Undirritaðir tóku að sér að fjalla um frumvarpið fyrir hönd RA og gera eftirfarandi athugasemdir:

Almennt virðist í frumvarpinu vera dregið úr akademísku vægi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Þetta er varasamt, ekki síst í ljósi þess að Háskóli Íslands hefur sett sér það markmið að komast í fremstu röð háskóla í heiminum. Til að svo geti orðið verður bóksafn skólans að vera öflugt rannsóknabókasafn sem ræður yfir góðum alþjóðlegum bókakosti og sú skoðun er útbreidd meðal vísindamanna að mikið skorti á að svo sé. Taka þarf sérstaklega fram í 1. eða 2. tölulið 4. gr. að þar gegni öflun erlends bóka- eða gagnakosts lykilhlutverki. Akademískt vægi safnsins mætti einnig styrkja með samsetningu stjórnar, með því að kveðið sé á um að þar sitji fulltrúar helstu vísindasviða, t.d. mannvísinda og raunvísinda. Þá gæti það aukið metnað í starfi safnsins ef fulltrúi starfsmanna sæti einnig í stjórn. Strangari kröfur um akademíska hæfni landsbókavarðar væru einnig til bóta.

Að öðru leyti er í þessari umsögn lögð megináhersla á eitt atriði frumvarpsins: hlutverk safnsins fyrir rannsóknir á safnkosti handritadeildar Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns sem fjallað er um í 4. gr. Fræðimenn RA hafa á undanförunum árum leitt alþjóðlega tengslamyndun og tekið þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi á sviði handritamenningar síðari alda (1500-1900). Þar hefur komið í ljós að íslensk söfn geyma merkilegan sjóð handritaðs efnis frá þessu tímabili, en um leið er ljóst að handritadeild Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns hefur ekki verið gert kleift að sinna slíkum rannsóknum.

Núgildandi lög um safnið frá 1994 gera ráð fyrir að auk þess að varðveita handritasöfn þau sem stofnað hefur verið til, skuli unnið „að frekari söfnun og rannsóknum íslenskra handrita og samsvarandi efnis á nýrri miðlum.“ [Lög um Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn nr. 71 frá 1994. Feitletrun okkar.] Þessi liður er nær samhljóða fjórða lið 4. gr. lagafrumvarpsins, um hlutverk og áherslur Lbs – Hbs með þeirri undantekningu að ákvæði um rannsóknir er fellt niður.

Við teljum að með því að fella þetta rannsóknarákvæði niður sé í fyrsta lagi gengið í berhöggi við 1. gr. frumvarpsins þar sem kveðið er á um að safnið sé „þekkingarveita fyrir alla landsmenn...“ auk þess sem safnið sé háskólastofnun. Ekki er hægt að hugsa sér „þekkingarveitu“ sem jafnframt sé háskólastofnun án þess að þar fari fram umtalsverðar rannsóknir.

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

Handritasafn Landsbókasafns Íslands-Háskólabókasafns er langviðamesta safn íslenskra handrita og er safnkostur þess skráður á um 15000 handritanúmerum. Safnið er, ásamt söfnum sem kennd eru við Árna Magnússon í Reykjavík og Kaupmannahöfn, einn mikilvægasti vettvangur rannsókna á íslenski menningarsögu, hvort sem litið er til bókmennta, þróunar tungumáls, þjóðfræði, tónlistar, myndlistar, sjálfstjáníngar og samskipta, trúarbragða, heimspeki, og svo mætti áfram telja. Þrátt fyrir þetta eru engar rannsóknarstöður við safnið og engin rannsóknarskylda lögð á starfsmenn deildarinnar.

Elstu handritin í handritadeild safnsins eru einstök skinnblöð talin frá þrettánda öld eða eldri en megnið af handritakostinum eru pappírshandrit, þau elstu talin frá því undir lok sextánda aldar. Flest handritin eru frá níttjándu og tuttugustu öld, en einnig fjölmörg frá sauttjándu og átjándu öld. Safnkostur handritadeildar hefur á undanförnum áratugum í vaxandi mæli verið vettvangur og viðfang fræðimanna úr fjölmörgum greinum hug- og félagsvísinda og einnig í nokkru mæli raungreina, s.s. veðurfræði og náttúruvísinda. Hér er bæði um að ræða rannsóknir sem leita heimilda í hinum víðfema sjóði sem þar er varðveittur en einnig þær sem snúa að handritamenningu síðari alda sem slíkri og þeirri miðlun, skráningu og tjáningu sem fór fram utan við og til hliðar við prentmiðlun á Íslandi um aldir.

Þrátt fyrir ákvæði núgildandi laga hafa formlegar rannsóknir innan handritadeildar Lbs-Hbs verið litlar og í raun farið minnkandi á undanföörnum árum og áratugum á sama tíma og vegur rannsókna á handritum síðari alda (ca 1500-1900) hefur farið mjög vaxandi innanlands sem á alþjóðlegum fræðavettvangi. Það er því mikil öflugþróun að fella ákvæði um rannsóknir úr lögum um Lbs-Hbs og einkum handritadeild þess. Nær hefði verið að að festa rannsóknarhlutverk safnsins í sessi og formgera í rannsóknarskyldu fastráðinna starfsmanna og stóráuka möguleika á tímabundnum rannsóknarstöðum.

Slíkar rannsóknir eru í samræmi við strauma í alþjóðlegum fræðaheimi sem hafa farið fram með vaxandi þunga undanfarinn aldarfjórðung, einkum á sviði bókmenntasögu og menningarsögu nýaldar. Íslensk handritasöfn – og þá sér í lagi handritadeild Landsbókasafns Íslands – hafa að geyma gríðarlega merkilegann vitnisburð um sterka stöðu handritamenningar meðal þjóðarinnar um aldir eftir tilkomu prenttækni Johann Gutenberg. Sú miðlunarleið sem kennd er við handritamenningu var ekki síst í blóma á Íslandi á níttjándu öld í kjölfar þess að læsi og síðar skriftarkunnátta urðu almennari meðal þjóðarinnar en fyrir hafði verið.

Sú staðreynd að handrituð miðlun bókmenntatexta, sögulegra rita og hvers kyns lesefnis hafi verið virk miðlunarleið meðal Íslendinga – og ekki síst meðal sjálfmenntaðs alþýðufólks – gerir það að verkum að rannsóknir á þessum þætti menningarsögunnar eru ekki einungis mikilvægar fyrir þekkingu og skilninga á sögu okkar innanlands heldur eiga þær brýnt erindi við alþjóðlega samræðu fræðimanna á þessu sviði. Þau skref sem stigin hafa verið í alþjóðlegu fræðastarfi á þessu sviði sýna það glöggt en þau hafa jafnframt leitt í ljós að handritadeild Lbs-Hbs er vanbúin til að taka virkann þátt í þeirri samræðu vegna skorts á rannsóknum innan hennar vébanda. Því verður að auka rannsóknarþættinum við frumvarpið til að efla samstarfs safnsins við fræðimenn og styrkja burði þess til að verða gjaldgengur þátttakandi í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi sem þegar er hafð.

Öflugur stuðningur við rannsóknir á safnkosti handritadeildar Landsbókasafns Íslands - Háskólabókasafns sem ætti sér skýra stoð í lögum um hlutverk safnsins myndi lyfta rannsóknum á handritamenningu síðari alda og afurðum hennar á herra

REYKJAVÍKURAKADEMÍAN

stig, jafnt innanlands sem á alþjóðavettvangi. Handrit síðari alda hafa um alllangt skeið verið sett skör lægra meðal þjóðarinnar en handrit fyrri alda og sama má segja um hinn alþjóðlega fræðaheim sem lengst af hefur litið á handrit sem miðaldafyrirbæri. Í samræmi við aukinn skilning á stöðu handritunar í bókmenningu síðari alda er ekki úr vegi að líta til samanburðar á þá umgjörð sem handritum fyrri alda er búinn hér á landi og mætti að flestu leyti vera til fyrirmyndar fyrir aðra þætti íslensks fræðasamfélags:


Íslensk skinnhandrit síðmiðalda og þeir textar sem þau hafa að geyma hafa löngum haft sess sem þjóðargersemar og krúnudjásn íslenskrar menningar. Jafnframt því sem tryggt hefur verið að varðveisla hinna fornu skinnhandrita sé með sem bestum hætti hefur rannsóknnum á miðaldahandritum og -textum hér á landi verið búnar góðar aðstæður og trygg fjármögnun, einkum með lögum um Handritastofnun Íslands frá 1962 og Stofnun Árna Magnússonar frá 1972. Með lögum frá 2006 sameinaðist Árnastofnun á Íslandi Íslenskri málstöð, Orðabók Háskólans, Stofnun Sigurðar Nordals og Örnefnastofnun Íslands í Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Stofnunin hefur ríka rannsóknarskyldu, sbr. 3 gr. laga nr 40 frá 2006: „Hlutverk Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum er að vinna að rannsóknnum í íslenskum fræðum og skyldum fræðigreinum, einkum á sviði íslenskrar tungu og bókmennta, að miðla þekkingu á þeim fræðum og varðveita og efla þau söfn sem henni eru falin eða hún á.“ Rannsóknir, miðlun og varðveisla handrita heyra undir handritasvið Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og starfa þar a.m.k sjö rannsóknarprófessorar og -dósentar auk lausráðinna sérfræðinga sem margir hverjir sinna rannsóknnum. Auk viðamilla rannsóknarstarfa fastráðinna starfsmanna stofnunarinnar eru tvær sérstakar og tímabundnar rannsóknarstöður við stofnunina. Er önnur tengd nafni Árna Magnússonar en hin nafni Sigurðar Nordals.

Þessi mikli aðstöðumunur milli tveggja höfuðsafna íslenskra handrita er hrópanði og mjög hamlandi fyrir rannsóknir á menningarsögu Íslands frá siðaskiptum fram á tuttugustu öld sem aðeins að litlu leyti er sýnileg í prentuðum ritum. Brýn þörf er á að úr þessu verði bætt með því að skilgreina með afgerandi hætti rannsóknahlutverk handritadeildar og henni sé þar með skylt og gert kleift að verða leiðandi í rannsóknnum á hinum merka safnkosti deildarinnar. Slíkt hlutverk mundi um leið efla rannsóknir annarra stofnana og einstakra fræðimanna á þessu sviði. Með því verður tryggð veruleg endurnýjun og nýsköpun í íslenskum menningarsögurannsóknnum.

Ekki eru gerðar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins.

Virðingarfyllst



Davíð Ólafsson sagnfræðingur, varaformaður RA



Viðar Hreinsson bókmenntafræðingur, framkvæmdastjóri RA

Reykjavík Akadémían – 500506-0240 – Hringbraut 121 – 107 Reykjavík

Sími 562 8561 / 562 8565 – bréfsími 562 8528

Veffang: www.akademia.is – netfang reykjavikur@akademia.is / vidar@akademia.is